



Reiðmaðurinn

– tveggja ára námskeiðsröð fyrir áhugafólk um reiðmennsku

Reiðmaðurinn er nám ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi. Reiðmaðurinn er tveggja ára nám. Námskeiðið er byggt upp af námi í reiðmennsku og er megináherslan lögð á það en einnig er þetta almennt bóklegt nám um m.a. sögu og þróun hestsins, fóðrun hans, frjósemi og kynbætur. Námið er metið til samtals 33 framhaldsskólaeininga (ECVET) og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Slík einingajöf metur þá lágmarks vinnu sem ætlast er til að nemendur leggi fram og er háð því að nemendur hafi sótt 90% verklegra tíma í staðarnámi og standist námsmat. Að baki hverrar einingar er gert ráð fyrir 3 heilum vinnudögum nemandans, hvort sem um er að ræða verklega tíma eða heimanám. Mikil áhersla er lögð á markvissa heimavinnu á milli verklegra helga. Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

Námsfyrirkomulag

Náminu er skipt niður á fjórar námsannir. Í upphafi náms koma nemendur saman þar sem verklega kennsla fer fram, þar sem farið verður yfir námið og þætti er lúta að því. Í hverjum námshópi eru um 12 nemendur. Á hverri önn er gert ráð fyrir að nemendur mæti í verklegt staðarnám fjórar helgar, eða alls átta sinnum á tímabilinu frá september og fram í apríl. Verklegir tímar eru á föstudögum (kl 15:00-19:20), laugardögum og sunnudögum (9:00-16:30). Nemendur vinna með eigið hross; vel taminn og traustan hest sem hefur öruggar grunnangtegundir auk tölts. Æskilegt er að hesturinn sé ekki yngri en 6 vetra þegar lagt er af stað í námið og að nemendur sjái fyrir sér að þeir geti verið með sama hestinn allt námið.

Kennslufyrirkomulagið byggir í bland á einkatímum, hópatímum og sýnikennslu. Lögð er mikil áhersla á verklega heimavinnu á milli helga. Þegar kennt er í einka- eða hópatímum þurfa aðrir nemendur að kunna að nýta sér það með því að fylgjast með öðrum; má oft sjá spegilmynd af eigin vandamálum hjá öðrum auk þess sem gott er að sjá vinnubrögð og heyra leiðbeiningar oftast endurtekna og í síðasta lagi má upplifa hvernig á að takast á við viðfangsefni eða vandamál sem eru af öðrum toga en þau sem maður glímir við sjálfur. Stöðumat á framvindu hvers nemanda fer fram reglulega yfir námsannirnar.

Bóklegt nám fer að mestu fram í gegnum fjarnámsvef skólans, Ugluna og Moodle. Einu sinni á önn verður tveggja daga staðarlota á Hvanneyri, frá kl. 15:00 á föstudegi til kl. 15:00 á laugardegi. Staðarlota einkennist fyrst og fremst af fyrirlestur, en einnig má gera ráð fyrir sýnikennslu og verklegum æfingum, miðað við bóklegar áherslur námsáfanga hverju sinni. Námsmat bóklegra hlutans fer fram reglulega yfir önnina í gegnum námsvefinn.

Reiðmenn eru hvattir til að taka virkan þátt í Reynisbikarnum sem einskorðast við nemendur í þessu námi sem og Skeifudegi Lbhi sem er hátíðisdagur hestamanna við skólann og er að jafnaði haldinn sumardaginn fyrsta. Útskrift Reiðmanna fer að jafnaði fram á Skeifudegi.



Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands sér um framkvæmd námsins en þeir aðilar sem koma að náminu auk skólans eru Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda.

Áfangar

HESTAMENNSKA (8 ECVET) – fyrsta haustönn.

Lýsing: Þessi áfangi fjallar um flest sem varðar hestinn og hestamennsku almennt, uppruna hestsins, byggingu, atferli, umhirðu, fóðurfræði og umgengni. Einnig fjallar hann um gangtegundir, ásetu og grunnreiðmennsku með lágmarks ábendingum þar sem einungis er farið fram á að knapinn stjórni hraða og stefnu. Lögð er áhersla á grunngangtegundirnar; fet, brokk og stökk.

Námsmarkmið:

- Að nemandinn þekki til uppruna og þróunar hestsins og sérstöðu íslenska hestsins.
- Að nemandinn þekki helstu líkamshluta hestsins.
- Að nemandinn kunni skil á eðli og atferli hestsins og skynfærum hans.
- Að nemandinn kunni að nálgast hest, leggja við hann reiðver, kempa, þrifa, taka upp fætur, fara á bak og af baki.
- Að nemandinn hafi góða ásetu og jafnvægi á hesti.
- Að nemandinn kunni að beita mismunandi ábendingum; framhvetjandi, hamlandi og stöðvandi og þannig tileinki sér grundvallaratriði taumsambands og samspil taumhalds og ásetu.
- Að nemandinn geri greinarmun á gangtegundum og þekki umferðarreglur innan sem utan vallar.
- Að nemandinn kunni að vinna með hest á taumhring.
- Að nemandinn hafi þekkingu á holdafari og grunnþáttum er varða fóðrun.

Námsmat: Verklegur hluti (60%) og bóklegur hluti (40%). Viðkomandi þarf að sýna áhuga, metnað og framfarir. Þeir sem ná að lágmarki 5,0 í hverju stöðumati hvort sem það er í bóklegum eða verklegum hluta fá staðfestar þreyttar einingar.

REIÐMENNSKA A og B (8,5 + 8,5 ECVET) – fyrsta vorönn/önnur haustönn.

Lýsing: Í þessu námskeiði er farið ítarlega á sjálfa reiðlistina og nemendur eiga að hafa það gott jafnvægi og ásetu að þeir geti farið að hafa meiri áhrif á hestinn. Nemendur eiga að vera í stakk búinir til að taka upp gott og sanngjarnt taumsamband við hestinn, hafa áhrif á yfirlínu hans og móta höfuðburð. Nemendur læra m.a. að beita samverkandi ábendingum, ríða gangskiptingar og setja hestinn í gott jafnvægi; samspora, safnaðan og vel undirbúinn undir gott tölt. Nemendum er kennt að ríða æfingar sem gera hestinn hæfari til að afkasta sínum hæfileikum og



að forgangsraða æfingum, gangtegundum og þjálfun. Lögð er áhersla á vinnu við hendi þar sem allar æfingar eru kenndar og undirbúnar fyrir frekari útfærslu í reið. Í þessum áfanga eru riðnar allar gangtegundir nema skeið; brokk og tölt á þeim hraða sem hentar hestinum og einnig hægra og vinstra stökk. Nemendur nota lóðréttu og háflétta ásetu, ásamt stígandi ásetu.

Áfanginn tekur einnig á helstu sjúkdómum hestsins ásamt uppeldi og meðferð unghrossa og húsvist og aðbúnaði hrossa. Í seinni hluta áfangans er farið í hófhirðu og járningar, þjálfunarfræði og frjósemi hrossa.

Námsmarkmið:

- Að nemandinn kunni að byggja upp þjálfun hestsins á markvissan hátt.
- Að nemandinn kunni að beita hinum ýmsu hlýðniæfingum til að hafa áhrif á hestinn; móta höfuðburð, styrkja yfirlínu, gera hestinn samspora og fleira.
- Að nemandinn kunni að ríða æfingar sem gera hestinn hæfari til að afkasta sínum hæfileikum.
- Að nemandinn þekki vöðvabyggingu hestsins.
- Að nemandinn kunni skil á réttri hófhirðu og járningum.
- Að nemandinn geti gert grein fyrir helstu sjúkdómum sem hrjá íslenska hesta og einkennum þeirra.
- Að nemendur kunni skil á frjósemi hrossa og uppeldi og meðferð unghrossa.
- Að nemandinn hafi þekkingu á húsvist og aðbúnaði hrossa.

Námsmat: Verklegur hluti (70%) og bóklegur hluti (30%). Viðkomandi þarf að sýna áhuga, metnað og framfarir. Þeir sem ná að lágmarki 5,0 í hverju stöðumati hvort sem það er í bóklefum eða verklegum hluta fá staðfestar þreyttar einingar.

KEPPNI OG KYNBÆTUR (8 ECVET) – síðasta vorönn.

Lýsing: Meginmarkmið áfangans er að gera nemendur hæfari til að vinna með mismunandi gangtegundir og beita erfiðari fimiafingum, jafnframt því að gera keppnisreglum og sýningarhaldi góð skil. Lagt er upp með að nemendur geti undirbúið og sett upp sýningu með sinn hest í huga hvort sem um er að ræða íþróttakeppni eða gæðingakeppni. Farið verður í sögu hrossaræktar á Íslandi og kennd verða grunnhugtök í kynbótafræðum. Einnig verður kynbótadómum gerð skil og nemendur fá nokkra þjálfun í að meta bæði byggingu og hæfileika íslenska hestsins.

Námsmarkmið:

- Að nemandinn geti lagt mat á eiginleika kynbótahrossa, bæði byggingu og hæfileika.
- Að nemandinn geti riðið erfiðari fimiafingar s.s. lokaðan sniðgang, afturfótasnúning og safnað fet.
- Að nemendur geti riðið yfirferð, greitt tölt eða skeið (þeir sem hafa alhliða hest).



- Að nemandinn þekki ræktunarmarkmið fyrir íslenska hestinn og helstu þætti í kynbótum hrossa.
- Að nemendur þekki reglur íþróttá- og gæðingakeppni.
- Að nemendur geti undirbúið og sýnt hest í íþróttá- og gæðingakeppni. Nemendur fá einnig innsýn inn í dómstörf in í íþróttá- og gæðingakeppni.
- Að nemandinn geti sýnt sinn hest á þeim gangtegundum sem hann býr yfir af öryggi og í góðu jafnvægi.

Námsmat: Verklegur hluti (80%) og bóklegur hluti (20%). Viðkomandi þarf að sýna áhuga, metnað og framfarir. Þeir sem ná að lágmarki 5,0 í hverju stöðumati hvort sem það er í bóklegum eða verklegum hluta fá staðfestar þreyttar einingar.

Kennsluefni

Í þessu námi verður stuðst við Hestafræði Ingimars Sveinssonar (2010), fræðsluefni Lands sambands hestamannafélaga og Reynis Aðalsteinssonar auk ýmissa fræðigreina og myndbandsefni (DVD) sem gefið hefur verið út hér á landi um tamningaaðferðir og sýningartækni.

Nánari upplýsingar um námið veitir Heimir Gunnarsson verkefnastjóri Reiðmannsins í síma 433-5000 og/eða á netfanginu heimirg@lbhi.is

Hvanneyri, 16. apríl 2015

